

LÖG

um stofnun Matvælarannsókna hf.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna hlutafélag, sem nefnist Matvælarannsóknir hf., um rekstur Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsókna Keldnaholti, sbr. samstarfs-samning milli Iðntæknistofnunar og Landbúnaðarháskólans, og rannsóknastofu Umhverfis-stofnunar.

Við stofnun félagsins skal allt hlutafé þess vera í eigu íslenska ríkisins og stofnfé ákveðið í fjárlögum.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sinna rannsóknum og nýsköpun á sviði matvæla í þágu atvinnulífsins, lýðheilsu og matvælaöryggis og fjármálalegri umsýslu á grundvelli laga og reglugerða sem um þetta gilda, svo og að reka aðra skylda starfsemi.

Tilgangi og verkefnum félagsins skal nánar lýst í samþykktum þess. Heimilt er félaginu að stofna nýtt félög eða félög sem verði í eigu þess til að annast ákveðna þætti starfseminnar. Þá skal því einnig heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

Félaginu er heimilt að gera samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt skv. 1. mgr.

3. gr.

Ákvæði laga um hlutafélög gilda um félagið ef ekki er kveðið á um annað í lögum þessum.

4. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð sjö mönnum. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert. Sjávar-útvegsráðherra fer með eignarhlut ríkissjóðs í félaginu.

5. gr.

Þegar starfsemi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsókna Keldnaholti og rannsóknastofu Umhverfisstofnunar verður lögð niður, sbr. 1. gr., fer um réttindi og skyldur starfsmanna þeirra eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, eftir því sem við á. Félagið skal bjóða störf öllum starfsmönnum framangreindra ríkisstofnana.

Um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum í framangreindum ríkisstofnunum, gilda ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

6. gr.

Starfsmaður Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsókna Keldnaholti eða rannsóknastofu Umhverfisstofnunar, sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna skv. 24. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og ræðst til starfa hjá hlutafélaginu með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti í hálfir starf eða meira getur ekki hafið töku lífeyris fyrr en hann lætur af því starfi.

7. gr.

Matvælarannsóknum hf. er skyldt að halda uppi tilskilinni öryggisþjónustu á sviði matvæla-rannsókna í þágu landsmanna sem nánar er skilgreind í samningi við félagið. Féluginu er skyldt að framkvæma rannsóknir vegna matvælaeftirlits á vegum hins opinbera eftir því sem nánar kveður á í samningi.

8. gr.

Félagið skal hefja rekstur 1. janúar 2007.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, með síðari breytingum:

- a. Orðin „Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins“ í 1. mgr. 9. gr. falla brott.
- b. IV. kafli, **Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins**, 19.–28. gr., fellur brott.

Orðin „Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins“ í 5. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, falla brott.

Í stað lokamálsliðar 1. mgr. 22. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum, koma tveir nýir málslíðir er orðast svo: Umhverfisstofnun skal hafa aðgang að niðurstöðum úr sýnatökum heilbrigðisnefnnda sveitarfélaganna. Þá er ráðherra heimilt að fela stofnuninni eftirlit með afmörkuðum þáttum.

Ákvæði til bráðabirgða.**I.**

Á stofnfundi félagsins, sem haldinn skal fyrir 1. júlí 2006, skipar sjávarútvegsráðherra féluginu stjórн sem starfar fram að fyrsta aðalfundi, sbr. 4. gr.

II.

Sjávarútvegsráðherra skipar nefnd þriggja óvilhallra manna þar sem sitji a.m.k. einn lög-giltur endurskoðandi. Hlutverk nefndarinnar er að meta eignir og skuldir sem tengjast rekstri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsókna Keldnaholti og rannsóknastofu Umhverfisstofnunar og færðar verða samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi ráðherra til félagsins. Niðurstöður nefndarinnar skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. nóvember 2006.

Nr. 68

14. júní 2006

III.

Stjórn Matvælarannsókna hf. annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna starfsemi félagsins.

IV.

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. er heimilt að viðhalda Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins sem lög-aðila án starfsemi vegna uppgjörs og aðildar að samningum sem ákvörðun hefur verið tekin um fyrir 1. janúar 2007.

Gjört á Bessastöðum, 14. júní 2006.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

A-deild – Útgáfud.: 29. júní 2006